

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 27. ágúst 2021
UST202103-152/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12.7.21 hjá Háafell ehf. Ísafjarðardjúpi

Þann 12. júlí sl. fór fram eftirlit í sjóeldi Háafells ehf. Ísafjarðardjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti sem tekur til skráninga og vöktunarniðurstaðna undangengins árs skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Vöktunarskýrslu var skilað 5. júlí sl. en enn vantar niðurstöður á styrk fosfats og nitrats í sjósýnum en þær hafa ekki borist frá efnagreiningaraðila. **Ársyfirliti sem tekur til skráninga var skilað 11. ágúst og er frávikinu því lokað.**
2. gr. 4.3 í starfsleyfi og 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. **Útstreymisbókhaldi var skilað 2. júní. Frávikinu er því lokað.**

Öllum þeim gögnum er vörðuð framangreind frávik hefur verið skilað síðan vettvangsheimsóknin fór fram. Því telst frávikunum báðum lokið og engra frekari úrbóta er krafist.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur